

Borgþór Magnússon
P.O.Box 352
121 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Vestmannaeyjum 23. júlí 2015
UST201504-050/P.V.B.
09.07.01

Efni: Surtsey - viðhald - Pálsbær

Umhverfisstofnun hefur móttakið erindi Borgþórs Magnússonar, Náttúrufræðistofnun Íslands, dagsett 20. júlí 2015 þar sem óskað er eftir fararleyfi til Surtseyjar vegna viðhalds Pálsbæjar.

Lýsing framkvæmdar: Ytra byrði Pálsbæjar hefur látið mjög á sjá á síðustu árum og er komið að nauðsynlegu viðhaldi. Surtseyjarfélagið hefur fengið styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til verksins, og er ætlunin að ráðast í það nú, um eða upp úr miðjum ágúst. Skipta þarf um klæðningu (járn) á þaki og hliðum, og lagfæra timburverk og stög. Festur fyrir hornstög eru heilar. Til verksins hefur verið fenginn Valur Andersen, smiður í Vestmannaeyjum, og mun hann annast það ásamt aðstoðarmönnum. Hefur hann þegar fengið leyfi til að fara eina ferð til Surtseyjar í júní til að undirbúa verkið. Á húsið verður sett ný báruklaðning úr áli sem þolir vel saltákomu og ver sig betur en gamla bárujárnið. Vinnuflokkur mun rífa gamla járneð af húsinu og annað sem þarf endurnýjunar við, og setja nýja klæðningu og stög á húsið. Efni sem rifið verður mun verða fjarlæggt úr eyinni að verki loknu, einnig verður tækifæri til að fjalægja eldra efni sem legið hefur undir Pálsbæ undanfarin ár. Góð umgengni og frágangur verður tryggð, og þess gætt að reglum Umhverfisstofnunar og Surtseyjarfélagsins verði fylgt í hvívetna. Leitað hefur verið til Landhelgisgæslunnar um flutning á efni og búnaði út í Surtsey og úrgangsefni til lands að verki loknu. Sennilegt er að varðskip komi að eyinni með efnið og því verði lyft með þyrllu í land, og tekið þannig til baka einnig. Þyngd á búnaði er um 500 - 600 kg (þar af er klæðningin um 400 kg). Ekki er hægt að fastsetja dagsetningar, en veður mun ráða því. Gert er ráð fyrir að verkið muni taka 3 daga og að því muni koma 4-6 manns.

Áhrifamat:

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga í land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins í Stjórnartíðindum B nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey vegna viðhalds Pálsbæjar og annara sértækra framkvæmda í friðlandinu að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni ekki koma til með að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.


Skilyrði


Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti ferðina með eftirfarandi skilyrðum og gildir leyfið fyrir 3 samfellda daga á tímabilinu frá miðjum ágúst og til septemberloka 2015.

- Leyfið gildir aðeins fyrir eftirtalda aðila:
 - Valur Andersen, smiður í Vestmannaeyjum leiðangursstjóri,

- N.N. blikksmiður á vegum V.A.
- N.N., aðstoðarmaður á vegum V.A./Surtseyjarfélags
- N.N., aðstoðarmaður á vegum V.A./Surtseyjarfélags
- N.N., aðstoðarmaður á vegum V.A./Surtseyjarfélags
- N.N., aðstoðarmaður á vegum V.A./Surtseyjarfélags
- Gæta þarf þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur og plöntuhlutar berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem tilfellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Allt aðflutt byggingarefni sem og annað efni til viðhalds og rekstur Pálsbæjar skal valið með það í huga að tryggt verði að efnið skaði ekki náttúru friðlandsins eða hafi áhrif á náttúrulega framvindu lífríkis Surtseyjar.
- Byggingarúrgangur skal fluttur frá eyjunni við lok framkvæmda og honum fargað á viðeigandi hátt utan friðlandsins.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins, Þórdísar V. Bragadóttur sem verður með í för.

Virðingarfyllt


Gunnlaug H. Einarsson
Sviðstjóri


Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur